

## 1241. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. desember 2022, kl. 17:30 í Útgarði á Grand hóteli.

**Mætt voru:** Ragnar Þór Ingólfsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfsdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sem ritaði fundargerð.

**Fjarverandi voru:** Bjarni Þór Sigurðsson og Jónas Yngvi Ásgrímsson.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fund og bauð fundarfólk velkomið. Fundurinn var haldinn á Grand hóteli rétt á undan félagsfundi sem hófst í fundarsal á hótelinu kl. 20:00.

Dagskrá:

### 1. Fundargerðir 1236 til 1240 stjórnarfundar VR lagðar fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerðir 1236., 1237., 1238., 1239. og 1240. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við þær.

Fundargerðirnar voru samþykkar og undirritaðar.

### 2. Kjaramál staðan

Ragnar Þór sagði kosningar um nýgerða kjarasamninga VR hafa hafist meðal félagsfólks í dag [14. desember 2022] og einnig hjá iðnaðarmönnum. Hann hafi heyrt í Kristjáni Þórði Snæbjarnarsyni, formanni Rafiðnaðarsambandsins, gott hljóð sé í iðnaðarmönnum að loknum kjarasamningum. Bandalag VR og iðn- og tæknifólks hafi verið lyklatríði í því sem náðist fram í þessum kjarasamningum. Ragnar Þór sagði alla sammála um að niðurstaðan hefði orðið lakari ef við hefðum ekki unnið saman. Mikill vilji sé hjá öllum að halda samstarfinu áfram, margt jákvætt hafi komið út úr því þó að viðræðurnar sjálfar hafi verið erfiðar.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir mætti á fundinn kl. 17:45.

Ragnar Þór færði starfsfólki félagsins þakkir fyrir þeirra framlag í kjarasamningaviðræðunum. Mikil ánægja hafi verið með það sem við lögðum inn í samstarfið. Hann sagði samstarf hans og Kristjáns gott og að á milli þeirra ríki traust. Það væri mikilvægt fyrir framhaldið í ljósi erfiðrar stöðu innan verkalýðshreyfingarinnar.



Ragnar Þór sagði SGS hafa stigið út úr samstarfi með niðurstöðu sem hafi verið á skjön við það sem lagt hafi verið upp með. Hann sagði að það mætti ekki gerast aftur að stórt samband fari svona á undan og læsi alla aðra inni. Hann villji gera atögu að því, með Kristjáni Þórði, að sjá hvort hreyfingin geti sameinast um sameiginlega kröfugerð út frá kostnaðarmati samninga. Það sé að hans mati eina leiðin til að fara inn í samningaviðræður og koma hreyfingunni úr þeirri stöðu sem hún sé í nú.

Umræður

Í umræðum var ákveðið að stjórn og starfsfólk félagsins fari í rýnivinnu um vinnu við kjarasamningana / -viðræðurnar sem og orðræðuna um þá og aðdraganda þeirra.

### 3. Áætlun 2023

Fyrir fundinum lágu eftirtalin skjöl til kynningar, „Árshlutareikningur VR janúar til september 2022“; „Lykiltölur VR september 2022“; „Starfs- og fjárhagsáætlun VR 2023 – final“; „Uppgjör sjóðir VR janúar til september 2022“; „Áætlun samstæða VR árið 2023“ og „Rekstraráætlun á sjóði VR árið 2023“.

Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri VR fór yfir starfs- og fjárhagsáætlun VR fyrir 2023 en hún var lögð fram á síðasta reglubundna fundi og lá fyrir á milli funda. Stefán fór ítarlega yfir áætlunina á síðasta reglubundna fundi stjórnar og frekari athugasemdir hafa ekki borist við hana frá þeim tíma. Hann benti á að ein breyting hafi verið gerð á áætluninni, viðbótarfjármagn við Blæ húsnæðisfélag, kr. 500 milljónir í hlutfé.

Starfs- og fjárhagsáætlun VR 2023 var lögð fyrir fundinn.

Samþykkt samhljóða.

### 4. 9 mánaða uppgjör

Stefán fór því næst yfir lykiltölur félagsins janúar til september 2022. Hann sagði að félögum væri enn að fjölga, fjölgun hafi verið 5,5% fyrstu níu mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Stefán sagði að fyrirhugað væri að greina fjölgunina betur.

Afgreiðslum hefur fjölgað mikið að sögn Stefáns, um 50,9%, sem og heimsóknum á vef VR, eitthvað af fjölguninni megi rekja til faraldursins. Fjölgun er á umferð inn á Mínar síður, tæplega 29 þúsund fóru inn á vefinn fyrstu níu mánuði.

Í tengslum við umræðu um fjölgun notenda vefsins benti Stefán stjórnarfólki á nýjan launareikni á vefnum sem settur var upp í tengslum við nýgerða kjarasamninga. Í launareikningum má sjá hvernig laun hækka, bæði brúttó laun og útborguð laun. Stefán fór yfir launareikninn á skjá.

Umræður

Í umræðum lýsti stjórnarfólk mikilli ánægju með þessa nýju þjónustu.

Málum sem berast til kjaramálasviðs fjölgar á milli ára um tæplega fjórðung, að því er fram kom í máli Stefáns. Þá fjölgar þeim sem fá styrk úr varasjóði og nokkur aukning er í fjölda þeirra sem fá starfsmenntastyrk. Nýting orlofshúsa dregst eilítið saman milli ára.

Félögum sem sækja til Virk fulltrúa hjá VR fjölgar eilítið en mikil fækkun er á meðalfjölda atvinnuleitenda án hlutabóta eða um rúmlega 67%. Aukning er á útgreiðslu úr Sjúkrasjóði. Tekjur pr. félaga hækka um 10% milli ára en gjöld um 4,4%.

Stefán fer því næst yfir árshlutareikning VR fyrstu níu mánuðina. Löggjöld eru almennt um 4% umfram áætlun en tekjur af útleigu orlofshúsa eru um 3% undir áætlun. Löggjöld og skattar eru nánast á áætlun og bætur og styrkir eru um 4% undir áætlun. Útbreiðslu og félsgjöld eru nokkuð undir áætlun fyrstu níu mánuðina, en síðustu mánuði ársins má búast við aukningu og stefnir í að þessu liður verði á áætlun.

Tekjur umfram gjöld eru um 447 m.kr.

Umræður

## 5. Skipan í kjörstjórn VR 2023

Lagt er til að fulltrúar í kjörstjórn félagsins verði þeir sömu og síðast, Þóra Skúladóttir Öfjörð og Þorsteinn Þórólfsson.

Umræður

Lagt fyrir fundinn að skipa Þóru Skúladóttur og Þorstein Þórólfsson í kjörstjórn.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:15.